

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. apríl 2019
2019030040/42-2
TB
tb

Allt að 6 MW virkjun í Þverá í Vopnafirði, frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 21. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu Þverárdals ehf. vegna allt að 6 MW virkjunar í Þverá í Vopnafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsenda frummatsskýrslu og telur, á grundvelli starfssvið stofnunarinnar og m.t.t. staðsetningu, náttúrufars og umfangs framkvæmdar, að gert hafi verið grein fyrir framangreindri framkvæmd á fullnægjandi hátt. Náttúrufræðistofnun vill þó benda á, eins og kemur fram í frummatsskýrslunni bls. 58, að stofnunin mun kanna staðsetningu hreiðurstæða fálka og ábúð óðals sem hluta af mótvægisaðgerðum vegna framkvæmda. Einnig er ástæða til að benda á, eins og kemur m.a. fram í skýrslu Náttúrustofu Austurlands, hvort ekki megi finna betri leið fyrir þrýstípu svo skerðing á gróðri /votlendi verði minni en gert er ráð fyrir. Jafnframt vill stofnunin benda framkvæmdaraðila á að endurmeta hvort þörf sé á að veita ónefndum læk í inntakslónið svo ónefndur foss hverfi ekki, sjá bls. 67 mynd 5.17 í frummatsskýrslu.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

